

Miðvikudaginn 20. október 1982.

Nr. 148/1980. **Skarphéðinn Einarsson**.

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**Hafsteini Heiðari Haukssyni og
Hauki Ragnari Haukssyni
persónulega og f. h.**

Bílasölnnar Brautar s/f

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

og

Hafsteini Häsler

og gagnsök

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Umboðssala. Bifreið. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi, Skarphéðinn Einarsson, skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. september 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. ágúst s. á. Hann krefst þess, að gagnáfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða sér 20.000.00 krónur með 22% ársvöxtum frá 2. júní 1978 til 15. júní 1979, 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s. á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar frá gagnáfrýjendum in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendurnir Hafsteinn Heiðar Hauksson og Haukur Ragnar Hauksson skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. september 1980. Þeir krefjast sýknu af kröfum

aðaláfrýjanda, og hvor um sig krefst málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi Hafsteinn Häsler skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1980, en honum hafði verið birt stefna aðaláfrýjanda hinn 29. september. Hann krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Aðaláfrýjandi sneri sér í maí 1978 til Bílasölunnar Brautar s/f, sem tók að sér sölu á bifreið hans, Ö 4758. Fyrir liggur í málinu afsal, dagsett 2. júní 1978. Segir þar, að Skarphéðinn Einarsson selji fyrir milligöngu bílasölunnar Ágústi Guðjónssyni bifreið þessa fyrir 900.000 krónur. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, fékk aðaláfrýjandi 800.000 krónur fyrir bifreið sína, en Ágúst Guðjónsson lét fyrir hana þrjú veðskuldabréf, samtals að nafnverði 2.800.000 krónur. Gagnáfrýjandi Hafsteinn Häsler tók bréf þessi og kveðst hafa selt þau fyrir 1.480.000 krónur, sem hann fór með sem eigið fé.

Það var forsenda samnings aðaláfrýjanda og Bílasölunnar Brautar s/f, að aðaláfrýjandi fengi það fé, sem greitt var fyrir bifreið hans, að sölulaunum frádregnum. Ekki skiptir máli, hvort talið verður, að samningur hafi komist á milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Hafsteins Häsler, sem var starfsmaður bílasölunnar, þar sem sá samningur mundi ógildanlegur, ef hann var gerður. Kröfugerð aðaláfrýjanda felur í sér slíka ógildingarkröfu. Ber því að dæma eigendur bílasölunnar, gagnáfrýjendur Hafstein Heiðar Hauksson og Hauk Ragnar Hauksson, til að greiða aðaláfrýjanda það fé, sem hann hefur enn ekki fengið af söluverði bifreiðarinnar, en aðaláfrýjandi hefur ekki krafist þess að fá veðskuldabréf þau, sem afhent voru bílasölnni sem greiðsla fyrir bifreið hans. Óumdeilt er í málinu, að Hafsteinn Häsler hafði látið framkvæma nokkrar endurbætur á bifreið aðaláfrýjanda, áður en hún var seld Ágústi Guðjónssyni, en aðiljar deila um kostnað við þær endurbætur og áhrif þeirra á söluverðið. Hafsteinn Häsler átti ekki lögvarinn eignarrétt yfir bifreiðinni, þegar endurbæturnar voru gerðar, en þær voru

liður í aðgerðum hans til að öðlast með ólögmætum hætti gróða af viðskiptum með bifreið, sem falin hafði verið fyrir-
tæki því, sem hann starfaði hjá, í umboðssölu. Eins og á
stendur, er því ekki rétt, að kostnaður við endurbæturnar
komi til frádráttar því fé, sem greitt skal aðaláfrýjanda.

Ljóst er, að veðskuldabréf þau, sem fyrrnefndur Ágúst
Guðjónsson lét sem greiðslu fyrir bifreið aðaláfrýjanda, voru
ekki seljanleg á nafnverði á afsalsdegi 2. júní 1978. Er ekki
unnt að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um dóm um
greiðslu nafnverðsins að frádreginni þeirri fjárhæð, sem
hann hefur fengið greidda. Aðilja greinir á um verðmæti
bréfanna. Eftir atvikum er rétt að leggja til grundvallar,
að það hafi svarað til 1.500.000 króna staðgreiðslu. Verður
eigendum Bílasölnunnar Brautar s/f gert að greiða aðaláfrýj-
anda þessa fjárhæð að frádregnum 800.000 krónum, sem
áður höfðu verið greiddar, eða alls 700.000 gamlar krónur.

Gagnáfrýjandi Hafsteinn Häsler var, sem fyrr segir, starfs-
maður Bílasölnunnar Brautar s/f. Hugðist hann með aðferð-
um, sem lýst er í héraðsdómi, nota í eigin þágu skuldabréf
þau, sem Ágúst Guðjónsson lagði fram sem greiðslu, og láta
nægja að greiða aðaláfrýjanda 800.000 krónur. Hann er því
bótaskyldur gagnvart aðaláfrýjanda og verður dæmdur til
að greiða honum áðurnefnda upphæð, 700.000 gamlar krón-
ur, óskipt með eigendum bílasölnunnar.

Vaxtakrafa aðaláfrýjanda verður tekin til greina þannig:
19% ársvextir frá 2. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvext-
ir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá
þeim degi til 1. desember s. á. og síðan eins og áfrýjandi
krefst.

Eftir þessum úrslitum verða gagnáfrýjendur dæmdir til
að greiða óskipt til aðaláfrýjanda í málskostnað 11.000.00
krónur, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjendur, Hafsteinn Heiðar Hauksson og
Haukur Ragnar Hauksson persónulega og fyrir hönd
Bílasölnunnar Brautar s/f og Hafsteinn Häsler, greiði

óskipt aðaláfrýjanda, Skarphéðni Einarssyni 7.000.00 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 19% frá 2. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979, 43.5% frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags. Þá greiði gagnáfrýjendur óskipt til aðaláfrýjanda 11.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms með skírskotun til forsendna hans að undanskildu vaxta-ákvæði, þó þannig, að fjárhæðir breytist í samræmi við gjaldmiðilsbreytingu 1. janúar 1981. Þá tel ég rétt að ákveða vexti svo sem greinir í dómi meiri hluta dómara í málinu.

Í samræmi við ákvæði 177. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, tel ég, að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 15. okt. sl., höfðaði Skarphéðinn Einarsson, Efri-Brúnastöðum, Vatnsleysuströnd, Gullbringusýslu, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. og 13. mars 1979, gegn Hafsteini Heiðari Haukssyni, Flúðaseli 89, Reykjavík, og Hauki Ragnari Haukssyni, Krummahólum 4, Reykjavík, báðum persónulega og f. h. Bílasölunnar Brautar s/f, Reykjavík, svo og Hafsteini Häsler, Egilsstöðum við Nesveg, Seltjarnarnesi, til greiðslu in

solidum á skuld og/eða skaðabótum að fjárhæð kr. 2.000.000 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 2. júní 1978 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu Hafsteinn Hauksson, Haukur Hauksson og Bílasalan Braut s/f krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að þeim hverjum um sig verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. mati dómsins.

Stefndi Hafsteinn Häsler krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

II.

Mál þetta er risið af sölu bifreiðar stefnanda, Ö 4758, Chevrolet Nova, árgerð 1970, í bílasölu stefndu Hafsteins Haukssonar og Hauks Haukssonar, Bílasölunni Braut s/f. Bifreiðina keypti sölumaður á Bílasölunni Braut s/f, stefndi Hafsteinn Häsler, af stefnanda í maí 1978 á kr. 800.000, án þess að stefnandi vissi, hver væri kaupandinn. Hinn 2. júní 1978 seldi Hafsteinn Häsler Ágústi Guðjónssyni bifreiðina fyrir skuldabréf að fjárhæð kr. 2.800.000, og var stefnandi skráður seljandi bifreiðarinnar.

Stefnandi kærði Bílasöluna Braut s/f til rannsóknarlögreglu ríkisins vegna viðskipta þessara. Stefnandi, stefndu Hafsteinn Hauksson, Hafsteinn Häsler svo og Ágúst Guðjónsson voru yfirheyrðir hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og hér fyrir dómi vegna máls þessa. Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram kom við yfirheyrslur þessar.

Fram kom hjá stefnanda, að hann hefði fyrst farið með bifreið sína, Ö 4758, í bílasölu SÍS, Ármúla 3, þar sem bifreiðin hafi verið verðmetin á um kr. 1.400.000 og verið þar um hálfan mánuð á sölulista. Síðan hafi stefnandi tekið bifreiðina þaðan og farið með hana í Bílasöluna Braut s/f. Þar hafi honum verið sagt, að bifreiðin mundi ekki seljast nema fyrir kr. 1.150.000 miðað við kr. 800.000 í útborgun og eftirstöðvar á hálfu ári, þar sem útlit bifreiðarinnar væri ekki sem best. Ekki mundi stefnandi, hvaða sölumaður á þessari bílasölu verðmat bifreiðina. Þegar stefnandi kom aftur á bílasöluna, hitti hann sölumann stefnda, Hafstein Häsler, sem tjáði stefnanda, að eitt tilboð hefði borist í bifreiðina að fjárhæð kr. 800.000, staðgreitt. Ekki vildi stefnandi ganga að tilboði þessu og stakk upp á kr. 950.000 í

staðgreiðslu. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi þá sagt stefnanda að koma aftur síðar þennan dag, þar sem hann mundi þá vera búinn að bera þetta gagntilboð stefnanda undir þennan tilboðshafa, en stefndi Hafsteinn Häsler hafi tekið fram, að mjög erfitt væri að ná sambandi við þennan mann. Stefndandi kvaðst hafa spurt að því, hver þessi tilboðsgjafi væri og hvar hann ætti heima. Við þessari spurningu hafi hann ekki fengið önnur svör en að þessi maður væri bílabraskari og væri mjög upptekinn og vont að ná til hans. Þegar stefndandi kom aftur á bílasöluna, tjáði stefndi Hafsteinn Häsler honum, að þessi tilboðsgjafi hefði ekki viljað ganga að tilboði stefnanda. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi ýtt á stefnanda að taka tilboðinu, þar sem hann taldi þetta vera mjög gott tilboð miðað við ástand bifreiðarinnar, sem væri mjög slæmt að áliti þeirra, sem reynsluekið hefðu bifreiðinni. Stefndandi hafi fallist á að taka tilboðinu, en stefndi Hafsteinn Häsler hafi sagt stefnanda, að þessi væntanlegi kaupandi að bifreiðinni hefði mikið að gera og gæti ekki gengið frá kaupsamningi og tilkynningu fyrr en daginn eftir. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi vitað, að stefndandi starfaði á Keflavíkurflugvelli og gæti því ekki komið því við að vera viðstaddur, þegar þessi væntanlegi kaupandi gengi frá kaupunum daginn eftir. Hafi því orðið að samkomulagi, að kaupandinn mundi leggja umrædda fjárhæð inn á reikning stefnanda í Verzlunarbbankanum, en maðurinn fengi bifreiðina ekki afhenta fyrr en peningarnir væru komnir í bankann. Stefndandi hafi, þegar hann kom með bifreiðina á bílasöluna í upphafi, undirritað afsal „in blanco“, til þess að bílasalan gæti annast sölu á bifreiðinni að stefnanda fjarstöddum, enda hefðu sölumennirnir ráðlagt stefnanda að hafa það þannig, þar sem hann ynni á Keflavíkurflugvelli. Daginn eftir að stefndandi samþykkti tilboðið hafi umsamin fjárhæð verið lögð inn á reikning stefnanda. Þegar stefndandi kom heim úr 3ja vikna ferð til Englands, hafi beðið hans bréf frá bílasölnni, þar sem í var afsal vegna sölu bifreiðarinnar, þar var verð bifreiðarinnar tilgreint kr. 900.000.

Það hafi sennilega verið í byrjun ágúst 1978 sem stefndandi sá bifreiðina, og var hún enn á númeri stefnanda, Ö 4758. Þá kvaðst stefndandi hafa farið til bílasölnunnar og talað við stefnda Hafstein Häsler til þess að kanna, hvernig á því stæði, að umskráning hefði ekki farið fram, og hafi Hafsteinn Häsler sagst skyldu sjá um, að það yrði gert. Hafi hann dregið úr stefnanda að vera sjálfur að ræða um þetta við kaupanda bifreiðarinnar,

þar sem hann væri búinn að selja bifreiðina aftur út á land, að Hafsteinn taldi. Í framhaldi af þessu kvaðst stefnandi hafa spurt, hvers vegna umsamið kaupverð bifreiðarinnar væri sagt kr. 900.000 í afsali, en ekki kr. 800.000, eins og stefnanda hafði verið sagt, að bifreiðin seldist á. Hafi Hafsteinn sagt sér, að kaupandi bifreiðarinnar hafi viljað hafa þetta svona í afsalinu, þar sem hann hafi orðið að endurbæta bifreiðina mikið, áður en hann gæti selt hana aftur. Síðar hafi stefnandi hitt ökumann bifreiðarinnar, sem hafi reynst vera kaupandi hennar, Ágúst Guðjónsson. Í samræðum þeirra hafi komið fram, að Ágúst hafði keypt bifreiðina nýlakkaða og greitt fyrir hana með skuldabréfi að fjárhæð kr. 2.800.000 með 50% afföllum, þannig að staðgreiðsluverð bifreiðarinnar hafi verið kr. 1.400.000. Eftir þetta kærði stefnandi atferli stefndu til rannsóknarlögreglu ríkisins. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 15. september 1978 krafðist stefnandi þess að fá kr. 600.000 endurgreiddar frá bílasölunni auk lögfræðikostnaðar.

Fram kom hjá Ágústi Guðjónssyni, sem keypti bifreið stefnanda, að hann hefði greitt fyrir bifreiðina með skuldabréfi til 5 ára, tryggðu með veði í fasteign, að fjárhæð kr. 2.800.000, með hæstu löglegu fasteignalánsvöxtum og hafi þá verð bifreiðarinnar talist kr. 1.480.000. Reiknað hafi verið með 47% afföllum af skuldabréfunum. Hann hafi kynnt sér þetta á fleiri bílasölum og þar væri miðað við 47—50% afföll af 5 ára skuldabréfum. Hafsteinn Hauksson hafi gengið frá afsali og hafi hann spurt sig að því, hvort ekki væri í lagi að setja bara kr. 900 þúsund á afsalið, og hafi Ágúst játað því. Hann kvaðst hafa haldið, að þetta hefði verið gert, þar sem fyrri eigandi bifreiðarinnar mundi ekki hafa verið búinn að eiga bifreiðina nógu lengi. Hafsteinn Hauksson hafi gengið frá kaupunum og tekið við skuldabréfunum. Bílasalan hafi borgað kostnað af þinglýsingu skuldabréfanna.

Bíllinn hafi litið mjög vel út, þegar Ágúst keypti hann, enda hafi hann verið nýsprautaður.

Hafsteinn Häsler hafi virst vera sá eini á bílasölunni, sem hafði með þennan bíl að gera.

Fram kom hjá stefnda Hafsteini Häsler, að hann myndi ekki, hvort það hefði verið hann, sem verðmat bifreið stefnanda, en hann muni, að hann hafi séð bifreiðina á verðinu kr. 1.150.000 á skoðunarsvæði bílasölnnar. Stefnandi, eigandi bifreiðarinnar, hafi ýtt á eftir með sölu á bifreiðinni og hafi hann nefnt, að við

staðgreiðslu mundi hann lækka verð bifreiðarinnar, en hann þyrfti að selja bifreiðina, áður en hann færi erlendis eftir tvo til þrjá daga. Þá kvaðst Hafsteinn hafa séð, að hann mundi geta gert góð kaup með því að gera sjálfur tilboð í bifreiðina, gera hana síðan upp og selja hana aftur með hagnaði, eða jafnvel eiga hana til eigin nota. Síðan hafi hann sagt stefnanda, að það væri komið eitt tilboð í bifreiðina að upphæð kr. 800.000, staðgreitt, en ekki kvaðst Hafsteinn Häsler hafa sagt stefnanda, að það væri hann sjálfur, sem væri tilboðsgjafi. Stefnandi hafi komið með gagntilboð, kr. 950.000, staðgreitt, en að því gekk Hafsteinn Häsler ekki. Síðan hafi komist á samkomulag um sölu á bifreiðinni fyrir kr. 800.000, staðgreitt, og að kaupandi greiddi sölulaunin, kr. 16.000. Gengið hafi verið frá afsali að öllu leyti útfylltu nema nafn kaupanda og undirskrift hans. Hafsteinn Häsler kvaðst hafa sagt Skarphéðni, að kaupandi bifreiðarinnar hefði farið fram á, að söluverð bifreiðarinnar yrði gefið upp kr. 900.000, þar sem hann ætlaði að gera bifreiðina upp fyrir endursölu. Samkomulag hafi orðið um þetta atriði. Hafsteinn Häsler kvaðst ekki hafa látið stefnanda vita, að það væri hann sjálfur, sem stæði að kaupunum að bifreiðinni. Ástæðan var sú, að hann vildi ekki, að það kæmi fram, að hann sem sölumaður bílasölnunnar væri sjálfur að gera tilboð. Hann hafi ætlað að láta kunningja sinn undirrita afsalið sem kaupanda, en hafi ekki verið búinn að koma því í verk, þegar bifreiðin seldist aftur, eftir að hún hafði verið lagfærð. Stefndi Hafsteinn Häsler kvaðst hafa látið lagfæra bifreiðina, bæði ástand og útlit, og hafa síðan látið hana á söluskrá Bílasölnunnar Brautar að því loknu, þá hafi bifreiðin verið verðlögð á kr. 1.480.000.

Nokkrum dögum síðar hafi borist tilboð í bifreiðina með greiðslu skuldabréfs til fimm ára að fjárhæð kr. 2.800.000, útgefins af kaupanda bifreiðarinnar, Ágústi Guðjónssyni. Skuldabréfsupphæðin hafi verið miðuð við 47% afföll. Stefndi Hafsteinn Haukssn, annar eigandi bílasölnunnar, hafi gengið frá söluinni. Hann hafi vitað, að Hafsteinn Häsler hefði keypt bifreiðina, en stefnandi var sagður eigandi á afsalinu. Það hafi ekki verið fyrr en þetta tilboð kom sem stefndi Hafsteinn Häsler kynnti stefnda Hafsteini Haukssyni, hvernig málið stóð, og hafi honum verið mjög á móti skap að ganga svona frá þessu, en hafi þó gert það til þess að skemma ekki söluna fyrir Hafsteini Häsler. Hins vegar hafi hvorki hann né aðrir átt þátt í þessu og ekkert fengið greitt nema kr. 16.000 í sölulaun. Stefndi Haf-

steinn Häsler kveðst hafa leynt Ágústi Guðjónssyni, kaupanda bifreiðarinnar, að hann væri sjálfur seljandi bifreiðarinnar.

Stefndi Hafsteinn Häsler kvaðst hafa kostað til viðgerðar á bifreiðinni kr. 190.000. Fyrir rannsóknarlögreglu 24. sept. 1978 kvaðst stefndi Hafsteinn Häsler fús til þess að greiða stefnanda kr. 250.000. Hinn 27. s. m. féll stefndi Hafsteinn Häsler frá þessu tilboði sínu.

Stefndi Hafsteinn Häsler kvaðst sjálfur hafa gengið frá og útfyllt afsalið nafni seljanda og söluverði.

Fram kom hjá stefnda Hafsteini Haukssyni, að stefndi Hafsteinn Häsler hefði sagt honum frá því sama daginn eða daginn eftir að kaupin voru gerð, að það hafi verið hann sjálfur, sem keypti bifreið stefnanda. Stefndi Hafsteinn Hauksson hafi sjálfur gengið frá afsali til Ágústs Guðjónssonar, en ekki tekið eftir því, hver var skráður seljandi á afsalið, enda hafi afsalið verið útfyllt frá seljanda. Hann hafi ekki útfyllt þetta afsal, nema að því leyti að færa inn nafn kaupanda og dagsetningu, ef hann hefði fært inn nafn seljanda, hefði hann ritað nafn Hafsteins Häsler, þar sem hann hafi vitað, að hann var seljandi bifreiðarinnar, en ekki Skarphéðinn Einarsson. Í einhverjum flýti hafi sér yfirsést að lesa yfir nafn seljanda og undirskrift hans og talið, að það væri nafn Hafsteins Häsler. Þetta hafi verið mistök af sinni hálfu að láta þetta fara svona. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi ekki sagt sér frá því, að hann væri skráður seljandi að bifreiðinni. Búið hafi verið að skrá á afsalið kr. 900.000. Stefndi Hafsteinn Hauksson kvaðst hafa útbúið skuldabréf sem greiðslu á kaupverði bifreiðarinnar, en mundi ekki, hver var fjárhæð skuldabréfsins.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi á mjög gróflegan hátt verið blekkur í sambandi við sölu bifreiðar sinnar af hálfu hinna stefndu. Verði ekki skilið á milli þátta hvers stefndu um sig, þar sem hér sé um svo samverkandi þætti að ræða. Hin almenna skaðabótaregla eigi hér ótvírætt við, en auk þess komi til húsbóndaábyrgð af hálfu Bílasögunnar Brautar s/f gagnvart stefnda Hafsteini Häsler.

Um stefnukröfuna sjálfa þurfi ekki að deila. Viðurkennt sé, að bifreiðin hafi verið seld á kr. 2.800.000 í skuldabréfum. Af þeirri fjárhæð hafi stefnandi aðeins fengið kr. 800.000. Hugsanleg afköll séu stefnanda óviðkomandi, enda hafi hann aldrei samþykkt

þau. Að því er varðar kröfugerð stefnanda hjá rannsóknarlög-reglunni þá sé hún fallin niður, þar sem stefndu hafi alfarið hafnað henni, en hún hafi verið við það miðuð, að eigi þyrfti að koma til frekari málaferla. Sé hún því eigi bindandi lengur fyrir stefnanda.

Af hálfu stefnda Hafsteins Häsler er sýknukrafa rökstudd með því, að stefndi Hafsteinn Häsler hafi keypt bifreið stefnanda á gangverði, sem stefnandi hafi sætt sig við, og með því hafi stefnandi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þó svo að stefndi hafi fengið hærra verð fyrir bifreiðina síðar. En stefndi Hafsteinn Häsler hafi á sinn kostnað og undir sinni umsjá látið laga bifreiðina verulega.

Stefnanda hafi verið tjáð, strax og hann kom með bifreiðina á bifreiðasöluna Braut, að útlit og ástand hennar væri ekki mjög glæsilegt og þyrfti hún talsverðrar lagfæringar. Enn fremur hafi honum verið tjáð, að nauðsynlegt væri að þrifa bifreiðina að utan og sérstaklega að innan. Þessum ábendingum hafi stefnandi ekki sinnt. Stefndi Hafsteinn Häsler hafi lagt í þá áhættu að kaupa bifreiðina, kosta til hennar stórfé í lagfæringar, þrifa hana hátt og lágt og selja aftur. Söluverð í það sinn hafi verið kr. 1.400.000. Ekki hafi komið fram, að stefndi Hafsteinn Häsler hafi haft hagnað af viðskiptum þessum. Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 2.000.000 sé því út í hött, og er henni algerlega vísað á bug.

Um það bil 40 bifreiðasölur séu starfandi á Reykjavíkursvæðinu. Kaup og sala bifreiða fari eftir lögmálum viðskiptalífsins, þar sem framboð og eftirspurn ákveði kaup- og söluverð notaðra bifreiða. Hverjum og einum sé frjálst að kaupa eða selja þá lausafjármuni, er hann óski. Bifreiðaeigandi, sem vilji selja bifreið sína, geti beðið hvern sem er að annast söluna fyrir sig. Oftast sé gerður samningur um kaup og sölu bifreiða, sem bæði seljandi og kaupandi samþykkja af frjálsum og fúsum vilja. Verðmat bifreiðasala ráði ekki verði bifreiða. Framboð og eftirspurn ráði verðinu. Hverjum einstaklingi sé frjálst að taka því boði, sem honum berst, og sé hann óánægður með verðmat lausafjármuna sinna, þá hafi hann möguleika að leita til ótal annarra bifreiðasala. Af þessu sjáist, að kaup og sala bifreiða fari eftir almennum reglum viðskiptalífsins, þ. e. framboð og eftirspurn ráði ferðinni.

Stefnandi hafi selt bifreið sína á því staðgreiðsluverði, sem margoft hafi verið búið að bjóða honum, og hafi honum mátt

standa á sama, hver kaupandinn væri, svo framarlega sem hann fengi það verð, sem hann fór fram á. Tjón hans af þessum viðskiptum sé því ekkert. Eigi stefnandi því engar kröfur á hendur stefnda Hafsteini Häsler og með því verði að telja, að málshöfðun þessi sé algerlega ónauðsynleg og eigi stefndi því kröfu á greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Af hálfu stefndu Hafsteins Haukssonar, Hauks Haukssonar og Bílasölnunnar Brautar s/f eru dómkröfur rökstuddar með eftirfarandi:

1. Stefnandi hafi alls ekki verið beittur svikum við kaupin, þ. e. a. s. hann hafi ekki gengið til kaupanna vegna neinna rangra eða óljósra upplýsinga, sem honum voru gefnar um atvik, sem áhrif höfðu á, hvort hann gengi til kaupanna.

2. Stefndu Hafsteinn og Haukur Haukssynir geti alls ekki, eins og málum sé háttað, borið neina fjárhagslega ábyrgð á meintu fjártjóni stefnanda eftir almennu skaðabótareglunni.

3. Stefnandi hafi alls ekki sannað, að hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni við kaupin.

Um 1. Fjársvikin, sem stefnandi telji sig hafa verið beittan, hljóti að beinast að því tvennu, að hann hafi ekki verið látinn vita um, hver var kaupandi bifreiðarinnar, og að kaupandinn, sölumaðurinn Hafsteinn Häsler, hafi blekkst sig um hvert væri „sannvirði“ bifreiðarinnar.

Um fyrra atriðið sé það að segja, að stefnandi hafi aldrei gert kröfu til að fá að vita um nafn kaupanda. Þvert á móti hafi hann undirritað skjöl um kaupin, þar sem eyða var fyrir nafni kaupandans og jafngildi það beinni yfirlýsingu um, að hann léti sér í léttu rúmi liggja, hver kaupandinn yrði. Þá liggi það einnig fyrir í málinu, að stefnandi hafi tekið kauptilboðinu um kr. 816.000 kaupverð án þess þá að vita, hver kaupandinn væri, og hafi hann heldur enga kröfu gert til þess að fá um það að vita. Engri blekkingu hafi á nokkurn hátt verið beitt um þetta og geti stefnandi engan rétt byggt á því, að hann hafi ekki vitað, hver kaupandinn var.

Í annan stað virðist stefnandi halda því fram, að meðstefndi Hafsteinn Häsler hafi blekkst sig um, hvert eðlilegt söluverð eða „sannvirði“ bifreiðarinnar væri. Þetta sé auðvitað ekki fjárvikaástæða, eins og haldið sé fram af hálfu stefnanda í stefnu, heldur misneytingarástæða, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1960. Virðist hér vera á því byggt, að Hafsteinn Häsler hafi hagnýtt sér fákunnáttu stefnanda til þess að fá hann til að gera kaupin. Í þessu

sambandi verði að hafa í huga, að stefnandi hafi samþykkt tilboðsverðið, kr. 816.000 út í hönd. Þessari málsástæðu sé því vísað algerlega á bug. Stefnandi hafi haft bifreið sína til sölu-meðferðar á öðrum bílasölum í a. m. k. hálfan mánuð, áður en hann kom með hana til Bílasölnunnar Brautar s/f. Hafi hann því sjálfur verið búinn að vera í býsna góðri aðstöðu til þess að mynda sér skoðanir um eðlilegt söluverð. Jafnframt verði að hafa í huga hið alkunna, að daglega geti að líta í dagblöðum heilu myndaopnurnar frá bílamarkaðinum með ítarlegum upplýsingum um bifreiðar þær, sem til sölu séu hverju sinni, og þ. á m. um uppsett verð á þeim. Muni mála sannast, að 70—80% af öllum þeim, sem koma með bíla til sölumeðferðar á bílasölu, séu sjálfir búnir að verðleggja þá. Hafa verði hliðsjón af þessu og svo hinu, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann sé sérstaklega fákunnandi, og verði því fráleitt talið, að stefnanda hafi tekist að sýna fram á, að skilyrði misneytingar hafi verið til staðar.

Um 2. Stefnandi virðist í stefnu telja, að bótaábyrgð stefndu Hafsteins Haukssonar, Hauks Haukssonar og Bílasölnunnar Brautar s/f byggist á almennu skaðabótareglunni. Ekkert hafi komið fram í málinu um sök þessara stefndu. Ekki skipti máli í þessu sambandi, þó stefndi Hafsteinn Hauksson hafi af misgáningi ekki athugað, að Hafsteinn Häsler væri skráður sem seljandi bifreiðarinnar við síðari söluna. Verði ekki séð, með hvaða hætti það komi við kaupsamningi stefnanda og Hafsteins Häsler, og engin áhrif hafi þessi stefndi haft á efni þess kaupsamnings. Kannist hann ekki einu sinni við að hafa nokkurn tíma séð stefnanda. Á þeim tíma, sem hér um ræðir, hafi verið gengið frá allt að 10 sölum á dag. Miklar annir hafi þannig verið því valdandi, að hann hafi gert þau mistök að fylgjast ekki nægilega vel með því, að fyrst væri gengið frá sölu til Hafsteins Häsler og síðan frá honum til hins nýja kaupanda. Sé það föst regla hjá Bílasölnunni Braut s/f að ganga frá öllum sölum frá réttum seljanda til réttis kaupanda. Með engu móti verði séð, með hvaða hætti stefndi Haukur Hauksson eigi að vera ábyrgur fyrir hinu meinta fjáртjóni stefnanda samkvæmt almennu skaðabótareglunni.

Verði af einhverjum ástæðum sú niðurstaða ofan á, að stefndi Hafsteinn Häsler hafi sem starfsmaður stefnda Bílasölnunnar Brautar s/f brotið gegn skyldum bílasölnunnar gagnvart stefnanda og með þeim hætti valdið honum fjárhagslegu tjóni, sé því ekki sérstaklega mótmælt, að stefndi Bílasalan Braut s/f og

þá stefndu Hafsteinn og Haukur Haukssynir sem einkaeigendur hennar beri skv. reglunni um atvinnurekendaábyrgð innan samninga sameiginlega ábyrgð með starfsmanninum á því tjóni. Ef þessi verði niðurstaða, er þess krafist, að skýrt komi fram í forsendum dóms, að ábyrgð stefndu Hafsteins og Hauks Hauks-sona sé ekki reist á sakargrundvelli.

Um 3. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir neinu fjárhagslegu tjóni við kaupin. Til að sýna fram á slíkt þurfi hann að sanna, að bifreiðin hafi miðað við kjör verið seld á lægra verði en eðlilegt markaðsverð hennar hafi verið á þessum tíma. Hann hafi enga tilburði haft uppi í þessa átt. Hér skipti engu máli, þótt Hafsteinn Häsler hafi eftir að hafa látið gera við bifreiðina fyrir umtalsverða fjárhæð (kr. 190.000, sbr. dskj. 3, bls. 12) selt hana á kr. 2.800.000 og lánað allt kaupverðið til 5 ára. Þetta veiti enga vísbendingu um „sannvirði“ við staðgreiðslu fyrir viðgerð. Sérstaklega er bent á, að Hafsteinn Häsler muni hafa getað látið gera við bifreiðina, fyrir lægri fjárhæðir en almennt gerist, hjá kunningjum sínum. Og það veiti heldur enga vísbendingu um „eðlilegt“ söluverð, hvaða verð hafi verið sett á bifreiðina áður. Komi þar til, að tilgreint verð sé yfirleitt of hátt, það miðist á gömlum bílum við ca 1/2 verð út í hönd og 1/2 verð lánað í allt að 6—8 mánuðum og enginn kaupandi hafi gefið sig fram til að kaupa á hærra verði en bifreiðin seldist á þrátt fyrir verulegar tilraunir í að afla kaupanda. Langbesta sönnunargagnið, sem fyrir liggi í málinu, um, að kaupverðið hafi verið sanngjarnt miðað við kjör, sé sú staðreynd, að stefnandi hafi samþykkt það sjálfur. Hann hafi verið í góðri aðstöðu til þess að meta sjálfur, hvert væri eðlilegt söluverð.

Stefnandi geri kröfu um greiðslu á kr. 2.000.000, sem er mismunur á kr. 2.800.000 (skuldabréfsfjárhæð til 5 ára) og kr. 800.000, sem hann fékk greiddar inn á bankareikning sinn. Kröfugerð stefnanda sé svo fáránleg, að ekki sé sæmandi að leggja slíkt fyrir dómstóla landsins. Allir viti, að kaupverð seldra hluta byggist á því, hvenær kaupverðið er greitt. Lánskjör skipti auðvitað meginmáli í óðaverðbólgu. Einnig sé ljóst, að stefnandi hafi sjálfur aldrei sett hærra verð á bifreiðina en kr. 1.400.000, þó hann ætli nú að fá fyrir hana kr. 2.800.000.

Stefnandi hafi ekkert tillit tekið til endurbótanna á bifreiðinni, sem gerðar voru, eftir að hann seldi. Hann miði við að hafa fengið kr. 800.000 fyrir bifreiðina, en hafi í raun fengið kr. 816.000, en alkunna sé, að seljendur greiði sölulaun. Áður hafi

hann án fyrirvara gert kröfu um kr. 600.000 og sé því bundinn af því. Loks er kröfu um 3% dráttarvexti sérstaklega mótmælt. Álit dómsins.

Fram er komið, að í maí 1978 fól stefnandi stefnda Bílasölunni Braut s/f, eign stefndu Hafsteins og Hauks Haukssona, að selja bifreið sína, Ö 5758. Starfsmaður Bílasölunnar Brautar s/f, stefndi Hafsteinn Häsler, keypti bifreið stefnanda, án þess að stefnandi vissi, hver kaupandinn var, og greiddi inn á banka-reikning stefnanda 22. maí 1978 umsamið kaupverð bifreiðarinnar, kr. 800.000. Hinn 2. júní 1978 seldi stefndi Hafsteinn Häsler Ágústi Guðjónssyni bifreiðina á verði, sem taldist jafngilda kr. 1.480.000 staðgreiðsluverði. Ágúst vissi ekki, að stefndi Hafsteinn Häsler væri seljandi bifreiðarinnar, enda var stefnandi talinn seljandi á afsali bifreiðarinnar og söluverðið þar tilgreint kr. 900.000.

Ekki er sérstök löggjöf um bifreiðasölu, en sambærileg viðskipti eru fasteignasölum bönnuð, sbr. 5. gr. laga nr. 47/1938.

Ólíklegt þykir, að stefnandi hefði án frekari athugunar samþykkt tilboð það, sem stefndi Hafsteinn Häsler flutti honum, ef hann hefði vitað, að þessi stefndi var sjálfur tilboðsgjafinn. Verður því við það miðað, að stefnandi hafi gengið að verðtilboði stefnda Hafsteins Häsler vegna blekkinga þessa stefnda, sbr. 30. gr. laga nr. 7/1936. Stefndu hafa ekki sannað, að verð það, sem stefnandi fékk fyrir bifreiðina, hafi verið eðlilegt, enda er viðurkennt af Hafsteini Häsler, að hann hafi ætlað sér að gera góð kaup og þá væntanlega á kostnað stefnanda.

Við niðurstöðu máls þessa verður við það miðað, að stefndi Hafsteinn Häsler hafi með viðskiptum sínum við stefnanda haft af stefnanda fjárhagslegan ávinning, sem honum ber að bæta stefnanda. Stefndi Bílasalan Braut s/f og stefndu Hafsteinn og Haukur Haukssynir, eigendur bílasölunnar, bera sem vinnuveitendur stefnda Hafsteins Häsler ábyrgð á þessu atferli starfsmanns síns gagnvart stefnanda.

Við ákvörðun á fjártjóni stefnanda þykir verða að miða við það, sem hefði verið eðlilegt verð fyrir bifreið stefnanda á þeim tíma, sem viðskiptin áttu sér stað, en ekki fjárhæð skuldabréfs til 5 ára, sem stefndi Hafsteinn Häsler fékk fyrir bifreiðina, eftir að hann hafði eitthvað látið gera við hana. Fram er komið, að áður en til þeirra viðskipta kom, sem málið er af risið, hafði stefnandi falið annarri bifreiðasölu að selja bifreið sína og þar hafi bifreiðin verið verðlögð á kr. 1.400.000, en ekki selst á tveim-

ur vikum. Þegar stefnandi kom með bifreið sína til stefnda Bílasölunnar Brautar s/f, var bifreiðin verðmetin á kr. 1.150.000 og þá verðhugmynd samþykkti stefnandi. Eftir atvikum þykir mega leggja þá fjárhæð til grundvallar við ákvörðun á verði bifreiðarinnar, enda þótt hún hafi ekki verið miðuð við staðgreiðslu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu beri að greiða stefnanda in solidum kr. 350.000, þ. e. mismuninn á því verði, sem hann fékk, kr. 800.000, og því, sem taldist eðlilegt verð, eða kr. 1.150.000. Það þykir ekki skipta máli við niðurstöðu máls þessa, þótt stefndi Hafsteinn Häsler hafi greitt sölulaun af kr. 800.000.

Vextir ákveðast 22% ársvextir frá 2. júní 1978 til 1. september 1979 og 27% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 170.000.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna veikinda dómars, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu Hafsteinn Häsler, Hafsteinn Heiðar Hauksson og Haukur Ragnar Hauksson, þeir Hafsteinn Heiðar og Haukur Ragnar Haukssynir persónulega og f. h. Bílasölunnar Brautar s/f, greiði in solidum stefnanda, Skarphéðni Einarssyni, kr. 350.000 með 22% ársvöxtum frá 2. júní 1978 til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 170.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
